

Kennarar: Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir og Sigríður Heiða Sigurðardóttir

Tímafjöldi: 2

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inn í bekk.

4. bekkur

Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Samvinna milli landa og heimsálfa eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í sínu námi. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

Enska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Að nemandi:	Leiðir
Hlustun Lestur Talað mál Ritun	- Speak out - Work out - Build up! - Verkefni frá kennara.	- Skilji mjög einfaldan texta. - Þjálfast með að vinna með orð. - Æfi réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu. - Geti heilsað og kvatt á ensku. - Geti kynnt sig með nafni og spurt aðra að nafni. - Þekki tölur frá 1-100. - Þekki fjölbreytta liti. - Þekki heiti yfir fjölbreyttan klæðnað. - Þekki algeng heiti yfir fjölskyldumeðlimi. - Þekki heiti yfir helstu líkamshluta. - Þekki heitin á vikudögum og mánuðunum. - Þekki árstíðirnar. - Þekki nokkur algeng dýraheiti yfir húsdýrin. - Þekki helstu heiti yfir ávexti. - Þekki heiti yfir nokkur veðurfyrirbrigði, hita og kulda. - Þekki helstu heiti yfir helstu húsgagna. - Þekki heiti yfir helstu áhugamál. - Geti sagt hvað hann er gamall og spurt um aldur. - Þekki kveðjur sem notaðar eru á afmælum og jólum. - Þekki heiti nokkurra landa.	- Vinnubók - Hlustun - Leikir - Söngur - Áhorf af neti.

		- Þekki hugtök tengd tímanum og klukkunni.	
--	--	--	--

Námsmat: Námsframvind og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.